

8. nóvember 2018

Börn á íslenskum vinnumarkaði



Samantekt

Tilgangur greinargerðarinnar að gera grein fyrir niðurstöðum Hagstofu Íslands um börn á íslenskum vinnumarkaði.

Helstu niðurstöður eru:

- Börn hefja að einhverju marki aðlögun að íslenskum vinnumarkaði við 13 ára aldur
- Um 80% 17 ára barna hafa þegar aflað sér reynslu á íslenskum vinnumarkaði
- Atvinnuþátttaka eldri barna er mest yfir sumarmánuðina

Greinargerðin er hluti af samtali Hagstofunnar við notendur sem miðar að því að veita upplýsingar um stöðu og aðlögun barna á íslenskum vinnumarkaði, vinnutíma þeirra, starfshlutfall og eðli starfs.

English summary

This working paper presents the results of Statistics Iceland's analysis on childrens participation in the Icelandic labour market.

Main findings are:

- For children in Iceland the integration to the labour market starts to some extent as early as the age of 13 years
- About 80% of 17 year olds have already gained experience in the labour market
- For older children, employment is most frequent in the summer months

This working paper is part of a conversation with users regarding their data needs. It aims at providing information on children in the Icelandic labour market as regards employment status, integration to the labour market, working hours, employment percentage and occupations.

Efnisyfirlit

Samantekt	2
English summary	2
Inngangur	4
Gögn	4
Hugtök	5
Niðurstöður	6
Lokaorð	9
Heimildir	10

Inngangur

Tilgangur þessarar greinagerðar að gera grein fyrir niðurstöðum Hagstofu Íslands um börn á íslenskum vinnumarkaði. Gerð verður grein fyrir gögnum sem lögð voru til grundvallar, aðferðum sem beitt var og ályktunum sem draga má af niðurstöðum.

Í maí síðastliðnum gaf Hagstofan út hagtölur um stöðu barna til að auðvelda aðgengi notenda að tölulegum upplýsingum um börn á Íslandi. Útgáfan tók meðal annars til þátttöku barna á vinnumarkaði og kom þar meðal annars fram að árið 2017 hafi um fjórðungur barna á Íslandi verið á vinnumarkaði¹.

Til að bregðast við þörf fyrir frekari upplýsingar hefur Hagstofan unnið að greiningu þar sem skoðað er hlutfall barna á vinnumarkaði greint eftir aldri og atvinnugrein. Ætlunin er að byggja reglulegra útgáfu hagtalna á greiningunni en vænta má einhverra breytinga á aðferðum og niðurstöðum þegar af verður. Af viðbrögðum notenda við útgáfu Hagstofunnar á hagtölum um börn má ætla að þörf sé fyrir upplýsingar af þessu tagi en megin notendur upplýsinga frá Hagstofunni um börn á vinnumarkaði eru einstaklingar, opinberir aðilar, svo sem ráðuneyti, stofnanir og skólar, auk umboðsmanns barna.

Í greinagerðinni má finna almenna lýsingu á því á hvaða aldri börn á Íslandi byrja að vinna og innan hvaða atvinnugreina börn voru starfandi árið 2017. Auk þess verður gerð almenn greining á því að hvaða marki þau sinna sumarstörfum og störfum með skóla. Að lokum er gerð tilraun til að áætla vinnutíma barna og starfshlutfall þeirra á árunum 2003 til 2017.

Gögn

Greiningin byggir á tveimur gagnalindum, annars vegar upplýsingum um vinnuafl úr skrá og hins vegar gögnum úr vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands.

Helsta heimild greininga er gögn um vinnuafl úr skrá sem byggja á upplýsingum frá ríkisskattstjóra um mánaðarlegt uppgjör á staðgreiðsluskyldum launum og reiknuðu endurgjaldi. Gögnin ná til allra launagreiðanda í öllum atvinnugreinum á íslenskum vinnumarkaði. Öllum þeim sem teljast launagreiðendur samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, það er þeir sem inna af hendi greiðslur sem teljast vera laun, er skylt að halda eftir staðgreiðslu opinberra gjalda af launum starfsmanna og öðrum staðgreiðsluskyldum greiðslum og af reiknuðu endurgjaldi vegna eigin vinnu við rekstur.

Önnur heimild er gögn vinnumarkaðsrannsóknar² sem er úrtaksrannsókn sem Hagstofan Íslands framkvæmir allt árið um kring. Gagna er aflað með símaviðtölum við þátttakendur auk þess sem lýðfræðilegra upplýsinga er aflað úr þjóðskrá. Meðalfjöldi 15 til 17 ára þátttakenda í vinnumarkaðskonun Hagstofunnar á tímabilinu 2003 til 2018 var 250 svör í hverjum aldurshóp á ári, en rétt er að taka fram að svör þátttakenda í vinnumarkaðs-

rannsókn Hagstofunnar eru ávallt vigtuð upp í mannfjölda eftir kyni og aldri. Einnig ber að geta að einungis eru til svör fyrir 15 ára börn frá árinu 2011.

Hugtök

Börn alls

Börn teljast þau sem eru skráð í þjóðskrá á því tímabili sem um ræðir og hafa ekki náð 18 ára aldri.

Starfandi börn

Starfandi börn eru skilgreind sem öll börn sem greiddu staðgreiðsluskatt af atvinnutekjum, og fengu laun fyrir meira en sem nemur einni klukkustund eða meira á viku. Til að leggja mat á unnar stundir var miðað við almennt lágmarkstímakaup á íslenskum vinnumarkaði fyrir hvert ár og sá talinn starfandi sem hafði fengið laun sem samsvara 4,3 klukkutímum í viðmiðunarmánuði. Yfirlit yfir lágmarks heildarkaup á mánuði sem notað var til að skilgreina starfandi börn á hverju ári má sjá í töflu 1. Börn sem fengu greidd laun undir þessari lágmarksupphæð voru frátalin og þar með ekki álitin starfandi. Þessi aðferð er nálgun á skilgreiningu Eurostat³ á því hvað telst vera starfandi einstaklingur og er einnig notuð í vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar.

Tafla 1. Áætlað lágmarksviðmið til að geta talist starfandi eftir árum

Ár	Viðmið kr.
2005	2.798
2006	3.327
2007	3.383
2008	3.925
2009	4.250
2010	4.467
2011	4.926
2012	5.225
2013	5.524
2014	5.793
2015	6.633
2016	7.041
2017	7.582
2018	8.124

Hlutfall starfandi barna

Hlutfall starfandi barna er reiknað með því að deila meðalfjölda starfandi barna yfir alla mánuði ársins með meðalfjölda þeirra barna sem skráð eru í þjóðskrá alla mánuði ársins.

Börn starfandi að sumri

Hlutfall starfandi barna yfir sumarmánuðina var reiknað með því að deila meðalfjölda starfandi barna í júní, júlí og ágúst ár hvert með meðalfjölda barna í þjóðskrá yfir júní, júlí og ágúst á sama ári.

Börn starfandi með skóla

Hlutfall barna sem starfa með skóla var reiknað með því að deila meðalfjölda starfandi barna í febrúar, mars og apríl með meðalfjölda barna í þjóðskrá yfir sömu mánuði ár hvert. Mánuðirnir febrúar, mars og apríl voru valdir af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi má líta svo á að þessir mánuðir séu dæmigerðir skólamánuðir og í öðru lagi til að gæta þess að tölur fyrir 2018 væru sambærilegar tölum annarra ára.

Vinnutími og starfshlutfall

Vinnutími barna og starfshlutfall er metið á grundvelli svara barna á aldrinum 15 til 17 ára í vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar. Til þess að meta *vinnutíma* eru þátttakendur spurðir að því hversu marga klukkutíma viðkomandi vann í sínu aðalstarfi í viðmiðunarviku rannsóknarinnar. Til þess að meta *starfshlutfall* voru þátttakendur spurðir hvort aðalstarf þeirra væri fullt starf. Þeir sem svöruðu spurningunni játandi teljast í fullu starfi en aðrir í hlutastarfi.

Niðurstöður

Í töflu 2 má sjá hlutfall þeirra barna sem eru starfandi eftir aldri og árum. Í töflunni sést að örfá börn undir 12 ára aldri voru starfandi á íslenskum vinnumarkaði á árunum 2008 til 2018. Á þessum árum má líka greina stíganda í atvinnuþátttöku barna eftir að þau hafa náð 12 ára aldri. Þótt atvinnuþátttaka barna sé nokkuð breytileg eftir árum er ljóst að þegar þau hafa náð 17 ára aldri hefur meirihluti þeirra verið vinnandi að minnsta kosti hluta úr ári.

Tafla 2. Hlutfall starfandi barna af öllum börnum árin 2005 til 2018

Ár								Samanburðar- hópur
	0 til 11 ára	12 ára	13 ára	14 ára	15 ára	16 ára	17 ára	18 til 25 ára
%								
2005	0,2	4,7	17,0	29,7	41,6	56,2	67,1	73,1
2006	0,2	5,3	16,8	31,9	45,3	59,0	68,4	73,3
2007	0,2	4,3	15,9	33,1	46,5	58,7	68,9	73,8
2008	0,2	4,0	15,7	31,5	44,8	55,7	65,1	71,6
2009	0,1	2,4	11,5	23,5	35,4	46,8	55,9	62,6
2010	0,1	2,2	9,5	19,1	31,0	44,0	55,6	62,6
2011	0,1	2,0	8,8	18,1	29,4	42,9	55,8	64,2
2012	0,1	2,1	8,9	18,7	30,9	43,8	56,8	66,4
2013	0,1	2,0	9,1	18,7	31,8	46,6	59,1	68,4
2014	0,1	2,0	9,2	19,7	32,7	48,7	61,7	69,9
2015	0,1	1,9	9,3	19,9	35,5	50,7	63,2	71,8
2016	0,1	2,2	9,8	22,9	40,1	55,0	65,8	73,6
2017	0,1	2,6	10,2	24,0	43,5	55,8	66,2	74,6
2018*	0,1	2,2	12,9	27,6	45,2	58,8	67,8	75,6

Skýringar: *Meðaltal 2018 er tekið af janúar til ágúst.

Í töflu 3 má sjá að þegar einungis er litið til sumarmánaða er ljóst að mikill meirihluti 16 og 17 ára barna aflar sér reynslu á íslenskum vinnumarkaði og hefur gert allt frá árinu 2005. Einnig má sjá að atvinnuþátttaka 17 ára barna er almennt hærri en atvinnuþátttaka ungs fólks á aldrinum 18 til 25 ára yfir þessa mánuði og að meirihluti 14 og 15 ára barna er í vinnu einhvern tíma að sumri en minnihluti 13 ára barna.

Tafla 3. Hlutfall starfandi barna að sumri af öllum börnum árin 2005 til 2018

Ár	0 til 11 ára	12 ára	13 ára	14 ára	15 ára	16 ára	17 ára	Samanburðar- hópur 18 til 25 ára
%								
2005	0,2	7,0	35,2	61,2	72,2	82,0	85,4	83,0
2006	0,2	7,5	35,5	62,6	73,7	82,3	86,4	82,5
2007	0,2	7,3	35,0	63,3	73,6	82,4	86,3	82,4
2008	0,2	6,3	33,0	59,0	71,7	79,8	84,0	80,9
2009	0,2	4,0	29,4	55,3	64,7	73,4	77,9	73,6
2010	0,1	4,1	25,7	47,9	60,9	71,3	77,9	74,6
2011	0,1	3,4	22,4	44,4	59,9	71,2	78,8	76,0
2012	0,1	3,8	21,7	45,5	61,7	72,3	79,1	77,9
2013	0,1	3,5	22,8	44,6	61,7	74,0	81,2	79,5
2014	0,1	3,3	22,6	46,2	61,9	74,7	83,2	80,7
2015	0,1	3,4	22,1	45,0	63,5	76,2	84,0	81,4
2016	0,1	4,1	22,4	49,8	67,9	79,0	85,6	82,4
2017	0,1	4,7	22,7	49,3	70,1	80,0	85,6	83,0
2018	0,1	3,8	26,1	49,5	65,6	78,8	84,2	82,1

Í töflu 4 má sjá að um helmingur, eða tæplega helmingur, 17 ára barna hefur verið starfandi með skóla á árunum 2005 til 2018. Mest var um að 17 ára börn störfuðu með skóla árið 2008 en minnst um að þau störfuðu með skóla árið 2009. Athygli vekur hversu breytileg atvinnuþátttaka 14 ára barna með skóla er á tímabilinu. Þannig voru 8,5% fjórtán ára barna starfandi með skóla árið 2011 en 23,6% árið 2008.

Tafla 4. Hlutfall starfandi barna í dæmigerðum skólamánuðum af börnum alls árin 2005 til 2018

Ár	0 til 11 ára	12 ára	13 ára	14 ára	15 ára	16 ára	17 ára	Samanburðar- hópur 18 til 25 ára
%								
2005	0,2	4,3	9,8	16,7	25,7	41,9	54,1	67,6
2006	0,1	5,4	9,9	19,5	32,7	45,2	59,6	68,5
2007	0,2	3,2	7,8	20,8	33,1	47,5	58,0	68,5
2008	0,1	3,5	9,5	23,6	34,3	46,8	59,8	68,1
2009	0,1	1,9	5,7	13,6	26,9	35,3	43,9	57,0
2010	0,1	1,5	3,8	8,7	20,5	32,9	44,1	55,4
2011	0,1	1,4	3,6	8,5	17,2	30,1	44,5	56,8
2012	0,1	1,3	4,5	8,8	18,5	29,6	45,1	59,0
2013	0,1	1,5	4,0	9,3	20,0	33,3	47,2	61,6
2014	0,1	1,6	4,2	9,3	21,6	37,6	51,5	63,7
2015	0,1	1,2	4,3	10,3	22,0	37,4	50,9	64,9
2016	0,1	1,3	5,1	12,0	28,2	41,4	56,3	67,8
2017	0,1	2,0	5,1	13,5	32,2	45,3	55,4	69,4
2018	0,1	1,2	4,9	13,8	32,1	44,7	55,6	70,1

Í töflu 5 má sjá hlutfall starfandi barna eftir atvinnugreinum árið 2017. Þar má sjá að af öllum starfandi börnum eru flest börn á aldrinum 14 til 17 ára starfandi innan heild- og smásölu (G). Börn yngri en 14 ára starfa flest ýmist innan opinberrar stjórnsýslu (O), flutnings og geymslu (H) eða við framleiðslu (C).

Tafla 5. Hlutfall starfandi barna innan atvinnugreina af öllum starfandi börnum árið 2017

	Sbr.-hópur							
	0 til 11 ára	12 ára	13 ára	14 ára	15 ára	16 ára	17 ára	18 til 25 ára
Íslensk atvinnugreinaflokkun - Bálfar	N=48	N=115	N=472	N=1.094	N=1.998	N=2.662	N=3.258	N=32.523
%								
A - Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar	9,6	7,0	3,1	2,2	1,9	1,6	1,5	1,9
B - Námuþróftur og vinnsla hráefna úr jörðu	0,0	0,0	0,0	0,0	0,1	0,1	0,0	0,1
C - Framleiðsla	27,6	12,6	6,4	8,0	9,6	10,6	9,8	10,3
D - Rafmagns-, gas- og hitaveitur	0,0	0,0	0,0	0,0	0,2	0,6	0,6	0,3
E - Vatnsveita, fráveita, meðhöndlun úrgangs og afmengun	0,0	1,6	1,9	1,6	0,7	0,4	0,4	0,5
F - Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	3,5	4,9	2,0	1,6	1,8	3,1	3,6	5,1
G - Heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum	9,3	5,9	11,2	25,2	39,4	39,0	33,7	19,8
H - Flutningur og geymsla	10,7	17,3	13,4	8,4	4,1	3,4	3,0	6,7
I - Rekstur gististaða og veitingarekstur	2,6	4,2	6,8	11,4	16,6	22,5	27,9	17,8
J - Upplýsingar og fjarskipti	20,3	17,3	11,5	5,3	3,5	2,6	2,9	3,3
K - Fjármála- og váttryggingastarfsemi	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	1,3
L - Fasteignaviðskipti	0,3	0,1	0,3	0,3	0,4	0,4	0,6	0,5
M - Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi	0,3	0,9	0,4	0,7	0,7	0,8	0,7	1,4
N - Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	3,3	2,0	2,2	1,9	1,5	2,5	3,3	6,6
O - Opinber stjórnsýsla og varnarmál; almannatryggingar	1,7	17,0	20,0	12,9	6,6	3,7	2,7	4,1
P - Fræðslustarfsemi	0,0	0,9	0,5	0,4	0,3	0,6	0,8	5,7
Q - Heilbrigðis- og félagsþjónusta	0,3	1,5	15,3	15,3	8,6	4,5	4,5	10,9
R - Menningar-, íþróttar- og tómstundastarfsemi	10,3	6,1	4,5	4,1	3,3	3,1	3,2	4,0
S - Félagasamtök og önnur þjónustustarfsemi	0,0	0,9	0,6	0,6	0,7	0,5	0,9	1,5
T - Atvinnurekstur innan heimilis, þjónustustarfsemi og vöruframleiðsla til eigin nota	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
U - Starfsemi stofnana og samtaka með úrlendisrétt	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
X - Óþekkt starfsemi	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0

Í töflu 6 má sjá vinnutíma og hlutfall 15 til 17 ára barna sem voru í fullu starfi *einuvern tíma* á árinu byggt á svörum úr vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar. Svo virðist sem bæði vinnutími og starfshlutfall 15 til 17 ára barna fari almennt minnkandi yfir tímabilið 2003 til 2017.

Tafla 6. Meðalfjöldi vinnustunda og hlutfall barna í fullu starfi af starfandi börnum árin 2003 til 2017

Ár	Meðalvinnustundir á viku						Hlutfall barna í fullu starfi á árinu - %					
	15 ára		16 ára		17 ára		15 ára		16 ára		17 ára	
	Klst. +/- (95%)		Klst. +/- (95%)		Klst. +/- (95%)		Hlutfall +/- (95%)		Hlutfall +/- (95%)		Hlutfall +/- (95%)	
2003	.		29,2	3,2	30,7	3,0	.		46,6	8,7	49,4	7,4
2004	.		27,1	3,1	31,0	3,5	.		39,1	7,5	45,8	8,3
2005	.		27,2	2,8	30,5	2,9	.		35,0	7,3	45,3	6,7
2006	.		26,1	3,0	29,6	2,6	.		34,6	7,1	47,0	6,8
2007	.		27,4	2,7	27,6	2,7	.		41,6	7,6	40,6	6,6
2008	.		24,6	2,7	27,4	2,8	.		39,2	7,6	40,0	7,6
2009	.		22,8	3,0	24,1	3,0	.		33,3	8,8	32,4	7,7
2010	.		23,9	3,4	24,0	2,8	.		34,0	9,1	31,6	7,3
2011	18,0	3,2	23,2	3,2	28,0	3,4	28,0	9,0	29,3	7,6	38,3	8,0
2012	17,5	3,2	20,7	2,8	24,2	2,9	15,6	7,2	21,5	7,6	30,5	7,6
2013	17,7	3,0	19,3	2,6	22,6	2,7	18,9	7,5	19,6	6,6	26,3	6,6
2014	17,8	3,2	22,0	2,9	22,2	2,7	14,2	7,1	29,3	7,3	30,0	7,2
2015	15,2	2,6	20,8	3,4	24,4	2,8	13,8	6,5	24,5	8,2	32,1	7,1
2016	15,1	2,9	20,7	2,7	22,1	2,6	8,8	5,6	20,4	7,3	30,3	7,7
2017	16,9	2,8	19,5	3,0	25,0	3,4	12,8	6,5	19,4	7,2	29,9	7,7

Skýringar: Mælingar eru ekki til fyrir vinnustundir eða starfshlutfall 15 ára barna fyrr en árið 2011. Gagnasöfnun Vinnumarkaðsrannsóknar er ekki lokið fyrir árið 2018.

Lokaorð

Af þessum tölum er ljóst að börn á Íslandi byrja í launaðri vinnu í teljanlegum mæli við 13 ára aldur og að atvinnupátttaka þeirra eykst jafnt og þétt með hverju aldursári fram að 17 ára aldri. Þegar þau eru orðin 17 ára hefur yfirgnæfandi meirihluti þeirra reynslu af launaðri vinnu. Þetta mynstur var hið sama yfir tímabilið 2005 til 2018 þótt vissulega megj greina meiri samdrátt í atvinnupátttöku barna á árunum 2009 til 2014. Þennan samdrátt má líklega rekja til áhrifum efnahagskreppunnar á íslenskan vinnumarkað. Hinsvegar benda niðurstöður til þess að vinnutími barna og starfshlutfall þeirra hafi farið minnkandi frá árinu 2003.

Rétt er að benda á að í við skilgreiningu starfandi barna var miðað við lágmarkstímakaup á almennum vinnumarkaði. Líklegt er að þessi aðferð skili vanmati á starfandi börnum þar sem lágmarkstímakaup barna er nokkuð lægra en lágmarkstímakaup fullorðinna (eða á bilinu 62-95% af lágmarkstímakaupi fullorðinna). Hafa ber þetta í huga við túlkun hlutfalls starfandi barna.

Íslendingar eru jafnan taldir vinnusöm þjóð. Á Íslandi er atvinnupátttaka hærri og starfsævin lengri en í öðrum Evrópulöndum^{4,5}. Það er því ljóst að vinnan skipar stóran sess í lífi Íslendinga. Það er von okkar að þessar vísbendingar um atvinnupátttöku barna á Íslandi geti gagnast bæði einstaklingum og opinberum aðilum til að hefja *samtal* um aðlögun barna að vinnumarkaðinum og þær aðgerðir sem grípa þarf til þess að þeim verði farsæl starfsævin.

Heimildir

1. Hagstofa Íslands. Börn - Hagstofa Íslands. Sótt af:
<https://hagstofa.is/talnaefni/samfelag/born/>. (Sótt 6.nóvember 2018)
2. Hagstofa Íslands. Vinnumarkaðsrannsókn. Sótt af:
<https://hagstofa.is/talnaefni/samfelag/vinnumarkadur/vinnumarkadsrannsokn/>. (Sótt 7.nóvember 2018)
3. EUROSTAT. Employment and unemployment (LFS): main concepts. Sótt af:
<https://ec.europa.eu/eurostat/web/lfs/methodology/main-concepts>. (Sótt 6.nóvember 2018)
4. EUROSTAT. Employment rates by sex, age and citizenship (%). Sótt af:
http://appsso.eurostat.ec.europa.eu/nui/show.do?query=BOOKMARK_DS-055846_QID_3278E210_UID_-3F171EB0&layout=TIME,C,X,0;GEO,L,Y,0;SEX,L,Z,0;AGE,L,Z,1;CITIZEN,L,Z,2;UNIT,L,Z,3;INDICATORS,C,Z,4;&zSelection=DS-055846SEX,T;DS-055846AGE,Y15-64;DS-055846INDICATOR. (Sótt 6.nóvember 2018)
5. EUROSTAT. Eurostat: Duration of working life - annual data. Sótt af:
http://appsso.eurostat.ec.europa.eu/nui/show.do?dataset=lfsi_dwl_a&lang=en. (Sótt 7.nóvember 2018)

Hagtíðindi
Statistical Series

103. árg. • 28. tbl.
ISSN 1670-4770

Greinargerðir
Working papers

8. nóvember 2018
Umsjón *Supervision:*

Arndís Vilhjálmisdóttir • arndis.vilhjalmsdottir@hagstofa.is
Ólafur Már Sigurðsson • olafur.sigurdsson@hagstofa.is
www.hagstofa.is • www.statice.is

Sími 528 1000
Bréfasími 528 1099

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartún 21a 105 Reykjavík Ísland
Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar.